

Surtseyjarfélagið
P.O.Box 352
121 Reykjavík



Vestmannaeyjum 20. mars 2017
UST201702-318/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um fararleyfi í Surtsey

Umhverfisstofnun hefur móttékið erindi Borgþórs Magnússonar, fyrir hönd Vilhjálms Smára Þorvaldssonar á Veðurstofu Íslands, dagsett 27. febrúar 2017 þar sem óskað er eftir fararleyfi fyrir tvo starfsmenn Veðurstofunnar til Surtseyjar vegna viðhalds veðurstöðvar í Surtsey í nokkra klukkutíma á tímabilinu mars - apríl 2017.

Surtsey var friðlýst árið 1965. Markmiðið með friðlýsingu Surtseyjar er að tryggja að þróun eyjarinnar verði eftir lögmálum náttúrunnar og að tryggt verði að landnám plantna og dýra, framvinda lífríkis og mótun jarðmyndana verði með sem eðlilegustum hætti. Til þess að tryggja þetta er aðgangur manna að eyjunni takmarkaður. Til þess að fá að ganga í land í Surtsey eða kafa við eyjuna þarf að sækja um sérstakt leyfi til Umhverfisstofnunar. Samkvæmt auglýsingu friðlandsins nr. 50/2006 er heimilt að veita leyfi til ferða út í Surtsey til rannsókna og verkefna tengdum þeim.

Lýsing framkvæmdar:

Um er að ræða leiðangur þar sem ætlað er að lagfæra bilun í sjálfvirkri veðurstöð og vefmyndavél sem staðsett er í eyjunni. Gert er ráð fyrir að fari nokkrir klukkutímar í verkið. Nákvæm dagsetning leiðangursins fer eftir veðri.


Áhrifamat:


Umhverfisstofnun heimilar fyrir sitt leyti umrædda ferð með eftirfarandi skilyrðum og gildir leyfið í einn dag á tímabilinu 20. mars - 31. apríl 2017:

- Leyfið gildir fyrir eftirtalda aðila:
 - Vilhjálms Smára Þorvaldsson
 - Ónefndan aðstoðarmann
- Gæta þarf þess að hreinsa allan fatnað og farangur áður en lagt er af stað til að tryggja að engar lífverur og plöntuhlutar berist til Surtseyjar til að tryggja að landnám/þróun lífs eigi sér stað án tilstuðlan mannsins.

- Gæta verður þess að ganga vel um viðkvæma náttúru Surtseyjar þar sem bannað er að trufla dýralíf, raska jarðminjum og skerða gróður.
- Gæta verður þess að allur farangur verði tekinn til baka sem og allur sá úrgangur sem tilfellur á meðan dvalið er í Surtsey.
- Ekkert drykkjarvatn er í eyjunni og verða leiðangursmenn að flytja það með sér. Þá er þar engin salernisaðstaða.
- Á meðan dvalið er í eyjunni ber leiðangursmönnum að hlíta fyrir mælum starfsmanns friðlandsins, Þórdísar V. Bragadóttur, sem verður með í för.

Virðingarfyllt


Sigrún Agústsdóttir
Sviðstjóri


Þórdís Vilhelmína Bragadóttir
Sérfræðingur